

Miðvikudaginn 10. janúar 1968.

Nr. 179/1967. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Eggert Jochum Víkingi Þórarinssyni

(Ingi R. Helgason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Tolllagabrot. Upptaka smyglvarnings.

Dómur Hæstaréttar.

Í ákæru er heildarmagn smyglvarnings þess, sem mál þetta er af risið, ranglega talið ca. 40 kg. spikpylsa í stað 26 kg. spikpylsa og 28.4 kg. höm í stað 28.44 kg. höm. Í héraðsdómi er lagt til grundvallar rétt magn varnings þessa, sbr. 118. gr. laga nr. 82/1961.

Háttsemi ákærða er í ákæru og héraðsdómi færð til réttra refsíákvæða. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin kr. 8.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Eggert Jochum Víkingur Þórarinsson, greiði kr. 8.000.00 sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun

verjanda síns, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. apríl 1967.

Ár 1967, þriðjudaginn 11. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ólafi Þorlákssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 188/1967: Ákærvaldið gegn Eggert Jochum Víkingi Þórarinssyni, sem tekið var til dóms 3. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 6. desember 1966, höfðað á hendur Eggert Jochum Víkingi Þórarinssyni sjómanni, Njálsgötu 87 í Reykjavík, fæddum 9. september 1924 í Bandaríkjum Norður-Ameríku, fyrir smygl með því að hafa við komu m/s Heklu til Reykjavíkur frá Kaupmannahöfn 14. júlí 1965 flutt til landsins án allra tollskjala ca. 40 kg. af spikpylsu og 28.4 kg. af hóm, en varning þennan, sem ákærði átti með skipsfélaga sínum að helmingi, fundu tollverðir í leigubifreið við skipshlið daginn eftir komu skipsins.

Telst þetta varða við 1. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tollfirtirlit nr. 68/1956 og 34.—36. gr. reglugerðar um sama efni nr. 41/1957.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar auk þess sem upptækur verði með dómi hluti ákærða af nefndum varningi samkvæmt 4. mgr. 38. gr. nefndra tolllaga.

Málavextir eru þessir:

Hinn 14. júlí 1965 kom m/s Hekla til Reykjavíkur frá Kaupmannahöfn. Kl. 1610 næsta dag stöðvuðu tollverðir leigubifreiðina R 6608, er í þann mund var ekið frá skipinu. Við leit í bifreiðinni fundu tollverðir eftirtalinn varning:

Sex dósir pork shoulders, net weight 4.740 kg. pr. dós.

Fjórtán stk. Malakoff-pylsur, þungi samtals 26 kg. með umbúðum, sem vega nálega 1 kg.

Eigendur varnings þessa reyndust vera matsveinar á m/s Heklu í umræddri ferð skipsins, þeir Magnús Árnason, Grensásvegi 60 hér í borg, og ákærði í máli þessu, Eggert Jochum Víkingur Þórarinsson.

Upplýst er í málinu, að þeir Magnús og ákærði áttu varninginn til helminga og fluttu varninginn sameiginlega til landsins með

m/s Heklu í umræddri ferð skipsins. Eigi var varningurinn færður á skrá né tollvörðum til hans sagt. Þeir Magnús og ákærði hafa báðir haldið því fram, að þeir hafi ætlað varninginn til eigin nota.

Þætti Magnúsar Árnasonar hefur þegar verið lokið með sátt í sakadómi Reykjavíkur, og hlaut hann 7.500.00 kr. í sekt.

Ákærði Eggert Jochum Víkingur vildi eigi ljúka málinu með dómssátt fyrir sitt leyti.

Samkvæmt því, sem þegar hefur verið rakið, telst sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um þá háttsemi, sem í ákæru greinir og þar telst rétt færð til refsíákvæða.

Ákærði hefur sætt refsingum sem hér segir:

15 sinnum hlotið litlar sektir fyrir brot á lögreglusamþykkt, áfengislögum og umferðarlögum.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 10.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms að telja.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt 4. mgr. 38. gr. tolllaga, skal ákærði þola upptöku til handa ríkissjóði á helmingi varnings þess, er um getur hér að framan, en þegar hefur verið gerður upptækur hlutur Magnúsar með dómssáttinni.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Eggert Jochum Víkingur Þórarinsson, greiði 10.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms að telja.

Ákærði þoli upptöku til handa ríkissjóði á 14.220 kg. af svínakjöti og 13 kg. af Malakoff-pylsum.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Inga R. Helgasonar, kr. 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.